

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 803/2004/EB

frá 21. apríl 2004

**um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins (2004 til 2008) um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne II-áætlunin)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum, þ.m.t. hótanir um slíkt athæfi, þvingun eða handahófskennd frelsissvipting, í opinberu lífi eða einkalífi, er brot á rétti þeirra til lífs, öryggis, frelsis, mannglegrar reysnar og líkamlegrar og tilfinningalegrar friðhelgi svo og alvarleg ógnun við líkamlega heilsu og geðheilsu fórnarlamba ofbeldis af þessu tagi. Áhrifin af slíku ofbeldi eru svo útbreidd í öllu Bandalaginu að um stórfellt heilsufarsvandamál er að ræða sem kemur í veg fyrir að borgararnir njóti öryggis, frelsis og réttlætis.

- 2) Mikilvægt er og nauðsynlegt að viðurkenna hin alvarlegu áhrif sem ofbeldi hefur á einstaklinga, fjölskyldur og samfélög, bæði í bráð og lengd, hvað varðar heilsufar, andlegan og félagslegan þroska og möguleika viðkomandi á tækifærum til jafns við aðra, auk mikils kostnaðar fyrir þjóðfélagið í heild bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti.

- 3) Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) telst heilbrigði vera ástand fullkominnar líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðunar en ekki einungis það að vera laus við veikindi eða fötlun. Í ályktun, sem samþykkt var á 49. alþjóðaheilbrigðisþinginu í Genf 1996, er því lýst yfir að ofbeldi sé eitt helsta vandamál sem tengist lýðheilsu um heim allan. Í alþjóðaskýrslu um ofbeldi og heilsu, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lagði fram í Brussel 3. október 2002, er mælt með því að efla fyrirbyggjandi aðgerðir, að styrkja úrræði fyrir fórnarlömb ofbeldis og auka samvinnu og miðlun upplýsinga um forvarnir gegn ofbeldi.

- 4) Þessar grundvallarreglur eru viðurkenndar í fjölda samninga, yfirlýsingum og bókunum helstu alþjóðastofnana og -samtaka, s.s. Sameinuðu Þjóðanna, Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar, heimsráðstefnunnar um málefni kvenna og heimsþingsins um aðgerðir gegn því að hafa börn að féþúfu og til kynlífsnotkunar. Bandalagið skal leggja sitt af mörkum til þessa mikilvæga starfs sem alþjóðastofnanir inna af hendi. Aðgerðir Bandalagsins skulu, samkvæmt p-lið 1. mgr. 3. gr. sáttmálans, stuðla að öflugri heilsuvernd.

- 5) Í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallar-réttindi <sup>(4)</sup> er m.a. áréttáður rétturinn til mannglegrar reysnar, jafnréttis og samstöðu. Hann tekur til fjölda sérákvæða til að vernda og efla líkamlega og andlega friðhelgi, jafna meðferð karla og kvenna, réttindi barnsins og bann við mismunun svo og til að banna ómannúðlega eða niðurlægjandi meðferð, þrælkun, nauðungarvinnu og barnavinnu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 208, 3.9.2003, bls. 52.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 256, 24.10.2003, bls. 85.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 1. desember 2003 (Stjtið. ESB C 54 E, 2.3.2004, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 9. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

- 6) Evrópuþingið hefur skorað á framkvæmdastjórnina að semja og koma í framkvæmd aðgerðaáætlunum til að berjast gegn ofbeldi af þessu tagi, m.a. í ályktun sinni frá 19. maí 2000 um orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um frekari aðgerðir gegn mansali á konum<sup>(1)</sup> og frá 20. september 2001 um limlestingu á kynfærum kvenna<sup>(2)</sup>.
- 7) Aðgerðaáætlunin, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 293/2000/EB frá 24. janúar 2000 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins (Daphne-áætlunarinnar) (2000 til 2003) um fyrirbyggjandi ráðstafanir til að berjast ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum<sup>(3)</sup>, hefur stuðlað að því að efla vitund innan Evrópusambandsins og auka og styrkja samvinnu milli stofnana í aðildarríkjunum sem berjast gegn ofbeldi.
- 8) Daphne-áætlunin hefur fengið gríðarlega mikil viðbrögð og uppfyllir greinilega mikla þörf innan sjálfboðaðþjónustunnar. Fjármögnuð verkefni eru nú þegar farin að hafa margfeldisáhrif á aðgerðir frjálsra félagasamtaka og stofnana í Evrópu. Þessi áætlun hefur nú þegar haft veruleg áhrif á stefnuþróun Evrópusambandsins í baráttunni gegn ofbeldi, mansali, kynferðislegri misnotkun og klámi og ná áhrif hennar yfir landamæri Evrópusambandsins, eins og segir í skýrslunni um Daphne-áætlunina þegar helmingur tímans er liðinn.
- 9) Í ályktun sinni frá 4. september 2002 um úttekt á Daphne-áætluninni þegar helmingur tímans er liðinn<sup>(4)</sup>, leggur Evrópuþingið áherslu á að Daphne-áætlunin fullnægi grunnþörf fyrir árangursríkt átak til að berjast gegn ofbeldi og að hún verði að standa lengur en til ársins 2003 og hvetur framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu um að fella þá reynslu, sem hefur fengist síðan 1997, inn í nýja aðgerðaáætlun sem fær úthlutað viðeigandi fjárveitingu.
- 10) Æskilegt er að tryggja samfellu í verkefnum sem Daphne-áætlunin styður til að halda áfram að byggja á fenginni reynslu og til að veita tækifæri til að auka ávinning af þessari reynslu á Evrópuvettvangi og í því skyni er nauðsynlegt að koma á fót öðrum áfanga áætlunarinnar, hér á eftir nefnd Daphne II-áætlunin.
- 11) Bandalagið getur aukið ávinning af aðgerðum, sem aðildarríkin framkvæma að mestu, er varða forvarnir gegn ofbeldi, þ.m.t. kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum, ungu fólki og konum og verndun þolenda og áhættuhópa með því að skiptast á upplýsingum og miðla fenginni reynslu, leita nýrra leiða, ákveða sameiginlega forgangsverkefni, koma upp netkerfi, ef við á, velja sérstök verkefni til að vinna að í öllu Bandalaginu og með því að hvetja til þátttöku og safna liði meðal allra sem hlut eiga að máli. Þessar aðgerðir skulu einnig ná yfir börn og konur sem eru seld mansali til aðildarríkjanna. Bandalagið getur einnig vakið athygli á góðum starfsvenjum og hvatt til ástundunar þeirra.
- 12) Daphne II-áætlunin getur fengið aukið vægi með því að vekja athygli á góðum starfsvenjum og hvetja til ástundunar þeirra, leita nýrra leiða og miðla viðeigandi reynslu af aðgerðum sem gripið er til í aðildarríkjunum, þ.m.t. upplýsingaskipti um ýmis lög, viðurlög og þann árangur sem náðst hefur. Til þess að markmiðum þessarar áætlunar verði náð og tiltæk úrræði nýtt á sem hagkvæmastan hátt þarf að velja af kostgæfni þau svið sem starfað skal á með því að velja verkefni þar sem aukinn ávinningur næst fyrir Bandalagið og benda á leiðir til þess að prófa sig áfram auk þess að miðla hugmyndum um nýbreytni í forvörnum og baráttu gegn ofbeldi eftir þverfaglegum leiðum.
- 13) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðrar áætlunar, þ.e. að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum, m.a. vegna þess að þörf er fyrir samræmda og þverfaglega nálgun sem styður fjölbjóðlegan ramma fyrir þjálfun, upplýsingar, rannsóknir og miðlun góðra starfsvenja ásamt vali á verkefnum í Bandalaginu, er auðveldara að ná þeim á vettvangi Bandalagsins og því er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.
- 14) Daphne II-áætlunin skal vera til fimm ára svo að nægjanlegur tími gefist til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem þarf til að ná fram settum markmiðum og til að safna reynslu og samþætta hana góðum starfsvenjum í öllu Evrópusambandinu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 59, 23.2.2001, bls. 307.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 77 E, 28.3.2002, bls. 126.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 34, 9.2.2000, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB C 272 E, 13.11.2003, bls. 390.

- 15) Samþykking skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 16) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingarvaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(2)</sup>.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

#### Viðfangsefni og gildissvið

Öðrum áfanga Daphne-áætlunarinnar um að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og að vernda þolendur og áhættuhópa (Daphne II-áætlunin) er hér með komið á fót fyrir tímabilið 1. janúar 2004 til 31. desember 2008. Hana má framlengja.

Að því er varðar Daphne II-áætlunina tekur hugtakið „börn“ til unglunga að 18 ára aldri, í samræmi við alþjóðlega gerninga er varða réttindi barnsins.

Hins vegar skal líta svo á að þegar aðgerðir verkefna miðast einkum við hópa aðstoðarþega, á borð við „unglinga“ (13–19 ára) eða fólk á aldrinum 12–25 ára, sé markhópurinn „ungt fólk“.

*2. gr.*

#### Markmið áætlunarinnar

1. Daphne II-áætlunin skal stuðla að því að almennu markmiði um mikla vernd borgara gegn ofbeldi verði náð, þ.m.t. vernd líkamlegrar og andlegrar heilsu.

Markmið þessarar áætlunar skal vera að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers konar ofbeldi, í opinberu lífi eða einkalífi, gegn börnum, ungu fólki og konum með því að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana og veita þolendum ofbeldis og áhættuhópum stuðning, einkum að fyrirbyggja að þessir aðilar verði aftur beittir ofbeldi. Markmið hennar er enn fremur að aðstoða frjáls félagasamtök og hvetja þau og aðra sem starfa á þessu sviði til dáða.

2. Tilgangurinn með aðgerðunum, sem á að framkvæma samkvæmt Daphne II-áætluninni eins og fram kemur í viðaukanum, er eftirfarandi:

a) að efla millilandaáðgerðir:

i) að koma á fót þverfaglegum netum, einkum til stuðnings fyrir þolendur ofbeldis og áhættuhópa,

ii) að tryggja útbreiðslu þekkingargrunns, upplýsingaskipti og sanngreiningu og miðlun góðra starfsvenja, þ.m.t. með þjálfun, námsferðum og starfsmannaskiptum,

iii) að efla vitund um ofbeldi meðal markhópa, s.s. tiltekinna starfsstétta, lögbærra yfirvalda og ákveðinna hópa almennings í því skyni að auka skilning og hvetja til þess að ofbeldi verði alls ekki liðið og stuðla að því að þolendur fái stuðning og tilkynni um ofbeldisverk til lögbærra yfirvalda,

iv) að rannsaka fyrirbæri sem tengjast ofbeldi og hugsanlegar aðferðir til að koma í veg fyrir það og kanna og taka til meðferðar meginorsakir ofbeldis á öllum stigum þjóðfélagsins,

b) að hrinda í framkvæmd viðbótaraðgerðum, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, sem geta verið rannsóknir, framsetning vísbendinga, gagnasöfnun, tölfræðilegar upplýsingar á grundvelli kyns og aldurs, málstofur og fundir sérfræðinga eða önnur starfsemi sem miðar að því að efla þekkingargrunn áætlunarinnar og miðla upplýsingum sem er aflað samkvæmt þessari áætlun.

*3. gr.*

#### Þátttaka í áætluninni

1. Þátttaka í Daphne II- áætluninni skal vera frjáls opinberum aðilum eða einkaaðilum og stofnunum (þar til bærum staðaryfirvöldum, háskóladeildum og rannsóknarmiðstöðvum) sem vinna að því að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum, veita vernd gegn slíku ofbeldi, veita þolendum stuðning eða framkvæma markvissar aðgerðir til að hvetja til að slíku ofbeldi sé hafnað eða stuðla að breytingum á viðhorfi og hegðun gagnvart áhættuhópum og þolendum ofbeldis.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningurinn eins og honum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtið. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

2. Eftirtöldum aðilum er einnig frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- a) aðildarríkjunum sem skrifuðu undir aðildarsáttmálann 16. apríl 2003,
- b) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum,
- c) Rúmeníu og Búlgaríu en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þeirra í samræmi við viðkomandi Evrópusamninga, viðbótarbókanir við þá og ákvarðanir viðkomandi samstarfsráða,
- d) Tyrklandi en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þess í samræmi við rammisamninginn milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Tyrklands um almennar meginreglur um þátttöku Lýðveldisins Tyrklands í áætlunum Bandalagsins <sup>(1)</sup>.

3. Verkefni teljast einungis styrkhæf ef a.m.k. tvö aðildarríki taka þátt í þeim, þau vara að hámarki í tvö ár og tilgangurinn er að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í 2. gr.

4. gr.

#### Aðgerðir samkvæmt áætluninni

Daphne II- áætlunin skal fela í sér eftirfarandi aðgerðir:

- a) að sanngreina og miðla góðum starfsvenjum og starfsreynslu sem miðar einkum að framkvæmd forvarnarráðstafana og aðstoð við þolendur,
- b) að kortleggja athuganir, kannanir og rannsóknir,
- c) að starfa á vettvangi með þátttöku aðstoðarþega, einkum barna og ungs fólks, á öllum stigum skipulagningar, framkvæmdar og þróunar verkefnis,
- d) að koma á fót sjálfbærum og þverfaglegum netum,
- e) að veita þjálfun og hanna fræðslupakka,
- f) að þróa og framkvæma meðferðaráætlanir og stuðning við þolendur og áhættuhópa annars vegar og gerendur hins vegar, um leið og öryggi þolenda er tryggt,

- g) að þróa og framkvæma aðgerðir sem stuðla að vitundarvakningu meðal tiltekins markhóps, hanna efni til viðbótar því sem fyrir er, eða aðlaga eða nota efni, sem er til fyrir, á öðrum landsvæðum eða fyrir aðra markhópa,
- h) að miðla niðurstöðum úr báðum Daphne-áætlunum, þ.m.t. aðlögun, yfirfærsla og nýting þeirra fyrir aðra aðstoðarþega eða á öðrum landsvæðum,
- i) að sanngreina og efla aðgerðir sem stuðla að jákvæðri meðferð þeirra sem hætta er á að verði fyrir ofbeldi, þ.e. nálgun sem hvetur til þess að borin sé virðing fyrir þeim og stuðlar að velferð þeirra og sjálfsefningu.

5. gr.

#### Fjármögnun

1. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd Daphne II-áætlunarinnar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2008 er hér með ákveðinn 50 milljónir evra en þar af eru 29 milljónir evra ætlaðar fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

Fjárhæðin telst staðfest fyrir tímabilið eftir 31. desember 2006 ef hún er, að því er varðar viðkomandi áfanga, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

3. Í framhaldi af ákvörðunum um fjármögnun skulu gerðir samningar um styrki milli framkvæmdastjórnarinnar og styrkþega.

4. Hlutfall fjárhagslegs stuðnings úr sjóðum Bandalagsins skal ekki vera herra en sem nemur 80% af heildarkostnaði verkefnisins.

Þó er heimilt að fjármagna viðbótaraðgerðir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., um allt að 100%, en þá skal miða við 15% hámark af árlegri heildarfjárútlutun til áætlunarinnar.

6. gr.

#### Framkvæmd áætlunarinnar

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á stjórn og framkvæmd Daphne II-áætlunarinnar og skal sjá til þess að hægt sé að nálgast allar niðurstöður og aðgerðir, sem áætlunin fjármagnar, endurgjaldslaut og á rafrænu formi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 61, 2.3.2002, bls. 29.

2. Þegar kemur að framkvæmd þessarar áætlunar skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að tekið sé jafnt tillit til þessara þriggja markhópa, þ.e. til barna, ungs fólks og kvenna.

3. Samþykkja ber ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar árlega starfsáætlun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

4. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun að því er varðar öll önnur málefni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 7. gr.

7. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

8. gr.

#### Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja eftirlit með og stöðugt mat á Daphne II-áætluninni um leið og tekið er tillit til þeirra almennu og sértæku markmiða sem um getur í 2. gr og til sértæku markmiðanna sem um getur í viðaukanum.

2. Eigi síðar en 1. júní 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið matsskýrslu þar sem lagt er mat á mikilvægi, gagnsemi, sjálfbærni, skilvirkni og hagkvæmni Daphne II-áætlunarinnar hingað til. Í skýrslunni skal vera mat sem framkvæmt er fyrir fram til að styðja mögulegar aðgerðir í framtíðinni. Auk þess skal framkvæmdastjórnin, samhliða kynningu á bráðabirgðadrögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2007, senda fjárveitingarvaldinu niðurstöður eigindlegs og megindlegs frammistöðumats miðað við árlegu framkvæmdaáætlunina..

Með tilliti til fjárlagagerðar fyrir árið 2007 skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2006, greina frá því hvernig fjárhæðin fyrir árin 2007 til 2008 samræmist nýju fjárhagsáætluninni. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir, með hliðsjón af starfsreglum fjárlagagerðar fyrir árin 2007 til 2008, til að tryggja samræmi árlegra fjárveitinga við nýju fjárhagsáætlunina.

3. Við lok Daphne II-áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja lokaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í þessari skýrslu skulu m.a. vera upplýsingar um það starf sem fram fer í tengslum við aðgerðir sem settar eru fram í c-lið II. liðar í viðaukanum og mynda grunn að því að meta þörfina á frekari pólitískum aðgerðum.

4. Framkvæmdastjórnin skal einnig senda skýrslurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., til efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar.

9. gr.

#### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. ROCHE

*forseti.*

## VIÐAUKI

## SÉRTÆK MARKMID OG ADGERDIR

## I. MILLILANDAADGERDIR

1. **Sanngreining og miðlun góðra starfsvenja og starfsreynslu**

*Markmið:* að styðja og hvetja til miðlunar, aðlögunar og notkunar góðra starfsvenja í öðru samhengi eða á öðrum landsvæðum.

Að hvetja til og örva skipti á góðum starfsvenjum á vettvangi Bandalagsins er varðar vernd og stuðning við börn, ungt fólk og konur, sem eru þolendur eða í áhættuhópi, með sérstakri áherslu á eftirfarandi svið:

- a) forvarnarstarf (almennt eða fyrir tiltekna markhópa),
- b) vernd og stuðning við þolendur (sálfræðipjónusta, læknishjálp, félagsleg aðstoð, menntunar- og lögfræðiaðstoð, útvegum gistiaðstöðu, brottflutningur og vernd þolenda, þjálfun og enduraðlögun að félags- og atvinnulífi),
- c) málsmeðferð til að vernda hagsmuni barna, einkum þeirra sem eru fórnarlömb vændis, ungs fólks og kvenna sem eru þolendur ofbeldis,
- d) mat á raunverulegum áhrifum mismunandi tegunda ofbeldis í Evrópu á þolendur og þjóðfélagið svo að hægt sé að bregðast við á viðeigandi hátt.

2. **Kortlagning athugana, kannana og rannsókna**

*Markmið:* að rannsaka fyrirbæri sem tengjast ofbeldi.

Að styðja rannsóknarstarfsemi, aldurs- og kynbundnar rannsóknir og kortlagningu athugana á sviði ofbeldis, m.a. til að:

- a) kanna og meta mismunandi orsakir, aðstæður og ferli við uppkomu og aukningu ofbeldis, þ.m.t. þvingun til athafna á borð við betl eða þjófnað,
- b) greina og bera saman fyrirbyggjandi líkön fyrir forvarnir og vernd,
- c) þróa aðferðir við forvarnir og vernd,
- d) meta áhrif ofbeldis, einnig að því er varðar heilsu, á þolendur og samfélagið í heild, þ.m.t. kostnaður,
- e) rannsaka möguleikann á að þróa síur sem koma í veg fyrir að hægt sé að senda barnaklám á Netinu,
- f) rannsaka börn, sem eru fórnarlömb vændis, í því skyni að koma í veg fyrir þetta fyrirbæri með aukinni þekkingu á áhættuþáttunum.

3. **Starf á vettvangi með þátttöku aðstoðarþega**

*Markmið:* að framkvæma, með virkum hætti, þekktar aðferðir við forvarnir og vernd gegn ofbeldi

Að styðja að teknar verði upp aðferðir, námseiningar og aðstoð (sálfræðipjónusta, læknishjálp, félagsleg aðstoð, mennta- og lögfræðiaðstoð og enduraðlögun) með beinni þátttöku aðstoðarþega.

#### 4. Sjálfbærum og þverfaglegum netum komið á fót

*Markmið:* að styðja og hvetja til samvinnu frjálsra félagasamtaka og annarra samtaka, auk þar til bærra staðaryfirvalda sem eru virk í baráttunni gegn ofbeldi.

Að styðja stofnun og eflingu þverfaglegra neta og að hvetja til og styðja samvinnu milli frjálsra félagasamtaka, ýmissa stofnana og opinberra aðila í því skyni að bæta þekkingarstig og skilning á hlutverki hvers annars og til að veita þverfaglegan heildarstuðning við þolendur ofbeldis og áhættuhópa.

Netin skulu einkum halda úti starfsemi þar sem fjallað er um ofbeldisvandann með því að:

- a) búa til sameiginlegan ramma til að greina ofbeldi, þ.m.t. skilgreiningar á mismunandi tegundum ofbeldis, orsakir þess og allar afleiðingar og framkvæmd viðeigandi þverfaglegra úrræða,
- b) meta tegundir og skilvirkni ráðstafana og starfsvenja við forvarnir og greiningu ofbeldis og við veittan stuðning við þolendur ofbeldis, einkum til að sjá til þess að þolandinn verði aldrei aftur beittur ofbeldi,
- c) stuðla að starfsemi til að takast á við þetta vandamál á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

#### 5. Þjálfun og hönnun fræðslupakka

*Markmið:* að þróa fræðslupakka um forvarnir gegn ofbeldi og jákvæða meðferð.

Að hanna og prófa fræðslupakka og -aðgerðir fyrir forvarnir gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og jákvæða meðferð og stjórnun ágreiningsmála, til nota í skólum og við fullorðinsfræðslu, hjá samtökum, fyrirtækjum, opinberum stofnunum og frjálsum félagasamtökum.

#### 6. Þróun og framkvæmd meðferðaráætlana

*Markmið:* að þróa og framkvæma meðferðaráætlanir fyrir þolendur og áhættuhópa á borð við börn og ungt fólk sem verður vitni að heimilisofbeldi annars vegar og hins vegar fyrir gerendur með það að markmiði að koma í veg fyrir ofbeldi.

Að greina mögulegar orsakir, aðstæður og ferli við uppkomu og aukningu ofbeldis, þ.m.t. eðli og ástæður þeirra sem fremja ofbeldisverk og þeirra sem hagnast af ofbeldisverkum s.s. kynlífsnotkun eða annarri misnotkun.

Að þróa, prófa og framkvæma meðferðaráætlanir sem byggjast á framangreindum niðurstöðum.

#### 7. Vitundarvakning meðal tiltekinnar markhópa

*Markmið:* að efla vitund um og skilning á ofbeldi og forvörnum gegn ofbeldi gagnvart börnum, ungu fólki og konum í því skyni að hvetja til þess að ofbeldi verði alls ekki liðið, veita þolendum og áhættuhópum stuðning og hvetja til þess að tilkynnt verði um ofbeldisverk.

Eftirfarandi tegundir aðgerða eru til að mynda styrkhæfar:

- a) þróun og framkvæmd aðgerða, á sviði upplýsingaveitu og vitundarefningar, sem miðast við börn, ungt fólk og konur, einkum hvað varðar mögulega hættu á ofbeldi og aðferðir til að komast hjá því en aðrir markhópar meðal almennings gætu einnig verið tilteknar starfstéttir, s.s. kennarar, sérmenntaðir uppalendur, læknar, æskulýðsstarfsmenn eða félagsráðgjafar, lögmenn, lögregluþyrirvöld og fjölmiðlar,
- b) þróun upplýsingabrunna fyrir allt Bandalagið til að aðstoða frjáls félagasamtök og opinberar stofnanir og veita þeim upplýsingar, sem verða aðgengilegar öllum, sem ríkisstofnanir, óopinberar stofnanir, æðri menntastofnanir og aðrar stofnanir hafa safnað um ofbeldi, forvarnir gegn því og endurhæfingu fórnarlamba og þannig ætti að vera unnt að koma upplýsingum inn í öll viðeigandi upplýsingakerfi,

- c) hvatning til að grípa til ráðstafana og veita sérstaka þjónustu til að fjölga tilkynningum til yfirvalda um ofbeldi og ýmis form verslunar með börn, ungt fólk og konur til kynlífsnotkunar eða annarrar misnotkunar,
- d) kynningarherferðir með hjálp fjölmiðla þar sem lögð er áhersla á að fordæma ofbeldi og veita þolendum stuðning í formi sálfræðilegrar, siðferðilegrar og hagnýtrar aðstoðar.

Hvatt verður til vinnslu efnis sem er viðbót við það sem fyrir er eða til aðlögunar og notkunar fyrirliggjandi efnis á öðrum landsvæðum eða fyrir aðra markhópa.

## II. VIÐBÓTARAÐGERÐIR

Í því skyni að tryggja að fjallað sé um öll svið áætlunarinnar, jafnvel þótt tillögur eða heppilegar tillögur vanti á tilteknu sviði, mun framkvæmdastjórnin framkvæma markvissari aðgerðir til að fylla í hugsanlegar eyður.

Af þessum sökum verður gert ráð fyrir fjármagni í áætluninni til viðbótaraðgerða, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, á eftirfarandi sviðum, m.a. til að:

- a) auðvelda þróun vísbendinga um ofbeldi þannig að hægt sé að mæla megindleg áhrif stefnumótunar og verkefna. Þetta verður að byggjast á áður fenginni reynslu af hvers konar ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum,
- b) ákveða málsmeðferð fyrir reglulega og trausta gagnasöfnun, helst með aðstoð Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat), til að unnt sé að tilgreina fjölda ofbeldisverka á sem nákvæmastan hátt,
- c) greina stefnu, ef kostur er, með tilliti til þess starfs sem unnist hefur með verkefnum sem eru fjármöggnuð, í því skyni að setja fram sameiginlega stefnu varðandi ofbeldi á vettvangi Bandalagsins og til að renna stoðum undir réttarvenju,
- d) greina og meta verkefni, sem hafa verið fjármöggnuð, til undirbúnings fyrir Evrópuár gegn ofbeldi,
- e) miðla góðum starfsvenjum um alla Evrópu, sem eiga rætur að rekja til fjármagnaðra verkefna; unnt er að ná þessu fram með ýmsu móti:
  - i) með framleiðslu og dreifingu á rituðu efni, geisladiskum, myndböndum, uppsetningu vefsetra og með kynningarherferðum og auglýsingum,
  - ii) með því að senda eða skipuleggja skipti á reyndu starfsfólki milli stofnana til að aðstoða við framkvæmd nýrra lausna eða aðferða sem hafa reynst vel annars staðar,
  - iii) með því að gera einstökum, frjálsum félagsamtökum kleift að nýta sér niðurstöður beggja Daphne-áætlanna og aðlaga þær eða yfirfæra á annað sambandssvæði eða annan flokk aðstoðarþega,
  - iv) með því að koma á fót þjónustuborði til að aðstoða frjáls félagsamtök, einkum þau sem eru þátttakendur í fyrsta skipti, við að útfæra verkefni, hafa samráð við samstarfsaðila og til að nota og nýta sér Daphne-áætlanirnar,
  - v) með eins nánu samstarfi við fjölmiðla og kostur er,
- f) skipuleggja málstofur fyrir alla hagsmunaaðila sem koma að fjármöggnuðum verkefnum í því skyni að bæta getu til stjórnunar og tengslamyndunar og til að efla upplýsingaskipti,
- g) stunda rannsóknir og skipuleggja fundi sérfræðinga og málstofur sem tengjast beint framkvæmd aðgerða sem þeir eru óaðskiljanlegur hluti af.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, meðan áætlunin stendur yfir, að leita til fyrirtækja sem veita tækniástoð sem unnt er að fjármagna innan heildarfjárhagsramma áætlunarinnar og með sömu skilyrðum getur hún leitað eftir sérfræðiaðstoð.